



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Blásalir

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	6
3 Innra mat	12
4 Innra mat sérkennslu.....	30
5 Innra mat – fjöltyngd börn	32
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	33
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
8 Foreldrasamvinna	35
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	36
10 Fylgigögn.....	37



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans er:

„Heilbrigð sál í hraustum líkama” sem vísar til þess að börnin þurfa að borða hollan mat, fá góða hreyfingu og reglulegan svefn til að geta notið leikskóladvalarinnar.

Gildi leikskólans eru

Virðing

- Sýnum umhyggju og hjálpum hvort öðru. • Hlustum á og virðum skoðanir og tilfinningar.
- Göngum vel um, jafnt úti sem inni.

Gleði

- Njótum þess að gera sjálf og gleðjumst yfir því sem við getum. • Gerum tilraunir og leyfum sköpunargleði að njóta sín. • Verum vinir og hlæjum saman.

Hreysti

- Borðum hollan mat. • Hreyfum okkur og hvílum. • Njótum útiveru, hvernig sem viðrar.
- Blómstrum í góðra vina hóp.

Sköpun

- Gerum athuganir og uppgötvanir. • Fylgjumst með náttúrunni. • Njótum þess að skapa með mismunandi efnivið



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021 – 2022 var allt litað af Covid-19 og þeim takmörkunum sem það setti okkur. Fundir voru ekki haldnir að hausti með nýjum foreldrum eins og venja er heldur nýttum við okkur að senda upplýsingar í gegnum tölvupóst. Foreldrafundurinn sem er haldin í október ár hvert var ekki haldinn heldur sendu deildarstjórar út glærupakka á foreldra sem þeir töluðu inn á og útskýrðu leikskólastarfið í máli og myndum. Ráðningar á nýju starfsfólki og aðlögun barna eru verkefni sem taka sinn tíma á haustin og Covid ástandið hjálpaði ekki til.

Marsmánuður var okkur sérstaklega erfiður þar sem mjög margir smituðust af Covid og loka þurfti deildum hálfa og heila daga vegna þessara veikinda. Við unnum eftir skóladagatali eins og hægt var yfir veturinn fyrir utan þau atriði sem varða aðkomu foreldra og þar fórum við eftir ráðleggingum sóttvarnarlæknis varðandi aðkomu foreldra að skólanum.

Á síðasta skólaári völdum við sjálfseflingu sem áherslupátt innan menntastefnu Reykjavíkur og styðjast við kenningar Marte meo sem ganga út á að efla sjálfsmynd barnanna og auka leik- og félagsfærni þeirra. Hrönn Pálmadóttir Dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur leitt okkur í þeirri vinnu yfir skólaárið með reglulegum fundum. Kenningarnar ganga mikið út að kennarar skoði myndbandsupptökur af sér í starfi og starfsfólk læri saman um jákvæð og uppbyggileg samskipti. Covid hafði áhrif á þessa vinnu okkar því fresta þurfti ítrekað fundum og veikindi voru á börnum og starfsfólki. Við höfum því ákveðið að taka sjálfseflingu aftur sem áherslupátt næsta skólaár og dýpka okkur en frekar í þessum mikilvæga áherslupætti í uppeldi barna.

Leikurinn og leikumhverfið er okkur hugleikið og gefum við börnunum góðan tíma til að læra í gegnum leikinn með stuðningi kennara. Áhugasvið barnanna leiðir okkur áfram og nýtum við þau tækifæri sem felast í þeim. Vinátta er mikilvæg og það er börnum mikilsvert að læra samvinnu með jafnöldrum. Jákvæð samskipti milli barna og hvernig þeim gengur að leysa ágreining skipta miklu máli þegar kemur að því að meta líðan barnanna. Eins og allt annað sem barnið lærir í leikskólanum þá erum við í samvinnu við foreldra því saman getum við gert svo margt jákvætt. Samskipti og samvinna við foreldra er verkefni sem alltaf er hægt að bæta og við bjóðum foreldrum upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári auk þess sem við sendum vikulega út fréttabréf frá hverri deild í máli og myndum. Foreldrar geta auk þess óskað sérstaklega eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur eftir atvikum og við reynum að finna



lausnir saman. Sérkennslustjóri hefur einnig boðið upp á viðtöl við þá foreldra sem þess óska og sent út póst með uppeldislegum ráðum.

Eins og undanfarin ár unnum við með Grænfánann og græn gildi í öllu okkar starfi auk þess sem við settum aukin kraft í Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar sem snýst um að efla vistvænan rekstur. Við erum núna komin með tvö skref af fjórum í innleiðingunni á verkefninu sem kemur við öll innkaup á vistvænum vörum og þjónustu.

Útikennsla og útivist hafa alltaf verið þættir sem við höfum lagt mikla áherslu á í Blásölum og var þetta skólaár engin undantekning. Við nýtum okkur nálægðina við hesthúsin og fórum reglulega í göngutúra þangað með börnin ásamt því að læra og njóta nánasta umhverfis.

Heimahagar er samstarfsverkefni sem Blásalir, Rauðaborg, Heiðarborg og Selásskóli vinna að með elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans í útikennslu í nokkur ár. Selásskóli hefur umsjón með þessu þróunarverkefni sem heitir „Heimahagar og íslenski hesturinn“ og er unnið í samstarfi við hestamannafélagið Fák.

Blásalir, Eistland og Lihtáen eru samstarfsaðilar í Nordplus verkefninu „Green corner“ Litháen stýrir verkefninu og er þetta tveggja ára verkefni. Aðaláherslan er á græn gildi innan og utan hús, endurvinnsla, gróður og lýðræði barna. Verkefnið byrjar núna í haust og lýkur 2024. Þetta verkefni passar okkur vel og gefur okkur kost á því að eflast en fremur í grænum áherslum í starfi. Skólaárið 2021 – 2022 var krefjandi en allt gekk vel.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Menntastefna: Sjálfsfelling. Marte meo Skipulagðir hópleikir, Barn vikunnar	Spurningum svarað skriflega Umræður á starfsdegi og deildarfundi	Allt starfsfólk leikskólans. Tveir elstu árangar meta þátttöku í barn vikunnar	Almenn ánægja með aðferðina, en starfsfólk enn óöruggt og verður samstarfi við Hrönn Pálmadóttur því haldið áfram næsta vetur. Ekki hefur tekist að innleiða skipulagða leiki, og það tekið markvisst næsta vetur Barn vikunnar hefur gengið vel en þó misjafnt eftir deildum . Sjálfsfelling verður aftur þema í menntastefnu næsta vetur og verður þá þessi þáttur tekin aftur fyrir. Elstu börn leikskólans voru öll ánægð með að vera barn vikunnar
Uppeldis og menntastarf Samverustund Matartími	Spurningum svarað skriflega	Allt starfsfólk leikskólans	Virkni og þátttaka barnanna í samverustund



Fataklefi Aðlögun	Umræður á starfsdegi og deildarfundi	Tveir elstu árgangar leikskólans meta líðan í samverustund og fataklefa.	hefur verið góð þegar við erum að bjóða upp á leiki og eins þegar börnin tjá sig um eitthvað sem þeim liggur á hjarta. Á yngri deildum: Er lesið og sungið með þeim í minni hópum. Meiri hluti barnanna líður vel í samverustund og fataklefa en þó þarf að gefa þeim börnum sem ekki líður vel gaum og koma í móts við þarfir þeirra. Elstu tveir árgangarnir sem borða í sal og listakrók hafa verið að skammta sér sjálf á diskana sína af hlaðborði og síðan hafa þau valið sér sæti annað hvort í salnum eða í listakrók. Yngri börnin á deildinni hafa verið minna að skammta sér sjálf á diskana sína. Það þarf að bæta úr því og einnig að vera með litlar vatnskönnur fyrir yngri börnin þannig að þau ráði við að hella sjálf í glasið sitt.
---	---	---	--



			Í fataklefa eru samskiptin góð og allir leggja sig fram við að hvetja börnin áfram í því að klæða sig með jákvæðum samskiptum, Stundum notum við söng til að gera andrúmsloftið í fataherbergi betra. Aðlögun: gengur vel, mjög ung börn þurfa góðan tíma.
Mannauður Gildi í starfinu Undirbúningstími Viðhorf til barna	Spurningum svarað skriflega Umræður á starfsdegi og deildarfundi	Allt starfsfólk leikskólans	Samskipti milli barna, lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka barna, umhyggja og vinátta, Hreyfing, Börnin taka þátt í ýmsum þema. verkefnum. hvað má betur fara? Gefa hverju barni meiri tíma í þemaverkefnum. Við erum duglegar að sjá styrkleika barna og vinna með þá.
Leikskólabragur Hvað einkennir hann?	Spurningum svarað skriflega Umræður á starfsdegi og deildarfund	Allt starfsfólk leikskólans	Lýðræðislegt starf í skólanum, Góður andi í húsinu og starfsfólk vinnur faglegt starf.



Líðan barna?	Spurningalisti um líðan barna	Tveir elstu árgangar leikskólans	Öllum börnunum líður vel á leikskólanum og eiga góða vini
Foreldrar Koma og sækja Upplýsingaflæði	Spurningum svarað skriflega Umræður á starfsdegi og deildarfundi	Allt starfsfólk leikskólans	Tekið er vel á mót hverju einstaka barni, og foreldrum á morgnana þeim heilsað og boðin velkomin í leikskólann, öll börn kvödd og þakkað fyrir daginn þegar þau fara. Ýtarleg sway bréf eru send til foreldra með myndum og upplýsingum um starfið.
Útinám Grænfáninn Öskudagur Opið hús	Spurningum svarað skriflega Umræður á starfsdegi og deildarfundi	Allt starfsfólk leikskólans	Útinámið og grænfánastarfið hefur verið öflugt unnið með lífbreytileikann í vetur. Börnin mættu taka meiri þátt í undirbúningi. Á Öskudegi börnin búa til búninga sjálf og hafa val en gefa má meiri tíma í undirbúning Opið hús gekk mjög vel , vel mætt , listasmiðja í sal allir tóku þátt og sátu lengi.



Umótaáætlun leikskólans 2022-2023

UM- BÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig og hvenær mat/aðferða?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig fram- kvæmt?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Mennta- stefna - Sjálfs- efling	Efla sjálfsmynd og leik- og félagsfærni barnanna.	Halda áfram innleið- ingu aðferða Marte Meo í sam- skiptum kennara og barna	Stjórnendur , Allir starfsmenn leikskólans.	Sept.22	Maí.23	Endurmat á deildarstjóra- fundum, deildar- fundum og starfsdögum	90% ánægja starfsfólks.
	Efla sjálfsmynd, félagsfærni og samvinnu barnanna.	Haldið verður áfram með að útbúa aðgengi-	Aðstoðar- leikskóla- stjóri.	Sept. 22	Maí. 23	Endurmat á deildarstjóra- fundum, deildarfundum og starfsdögum	Aðgengileg bók/ mappa í ipad



		legan leikja-banka fyrir allt starfsfólk til að nota reglulega með börnum.	Allir starfs-menn leikskólans.				
	Að efla sjálfsmynd barnsins. Að barnið fái notið sín sem einstak-lingur. Að efla samstarf heimilis og leikskóla.	Verk-efnið "Barn vikunnar" fest betur í sessi á öllum deildum.	Deilda-stjórar. Allir deilda-starsmenn	sept/ okt. 22	Maí. 23	Endurmat á deildarstjóra-fundum, deildafundum og starfsdögum	Öll börn hafi verið barn vikunnar
Innra mat							
	Að meta alla þætti leikskóla-starfsins reglulega.	Mats-nefnd hefur verið skipuð. Hún útbýr mats-áætlun fyrir skólaárið 2022-23	Leikskóla-stjóri	Ágúst 22	Maí 23	Endurmat á deildarstjóra-fundum og starfsdögum og sérstakir matsfundir reglulega	Allir þættir leikskóla-starfsins metnir eftir áætlun.



3 Innra mat

Innra mat Rauðadeild

Skólaárið hefur gengið nokkuð vel og má þakka það góðum og samhentum starfsmannahópi á deildinni. COVID-19 var þó ekki alveg horfið okkur. Allt starfsfólk leikskólans og nokkur hluti barnanna fengu COVID á tímabilinu febrúar – mars 2022. Stytting vinnuvikunnar er nú orðið nokkuð föst í sessi og hefur verið látið ganga upp en hefur leitt til aukins álags bæði á börn og kennara, styttingin þarfnast mikillar skipulagningar og útsjónarsemi stjórnenda.

Sex börn komu á Rauðu deild frá Grænu deild um mánaðamótin ágúst-september 2021 og gekk aðlögun þeirra með ágætum. Í mars 2022 voru börnin orðin 22 á deildinni. 12 drengir og 10 stúlkur þrjú börn fædd 2016 tíu börn fædd 2017 og níu börn fædd 2018. Deildin hélt sér alveg í starfsmannahaldi þangað til á vordögum þá kom nýr starfsmaður í staðin fyrir Háskólamenntaðan starfsmann sem tók til starfa á öðrum vettvangi en starfaði þó áfram á deildinni einn dag í viku.

Dagskipulagið tók ekki miklum breytingum. Áfram voru þrír útinámshópar sem fóru með tveimur kennurum í útinám einu sinni í viku. Frjáls leikur var áfram einkennandi fyrir starfið á deildinni og leitast var við að skapa aðstæður, rými og góðan aðgang fyrir börnin að leikefni og skapandi efnivið. Kappkostað var við að efla börnin í sjálfshjálpi á sem flestum sviðum í leikskólastarfinu. Einn þáttur í því var að bjóða ellefu elstu börnum deildarinnar upp á hlaðborð í hádegi þar sem þeim var boðið að skammta sér sjálf á diskana sína, síðan höfðu þau sætaval af tveimur borðum. Einnig voru yngri börnin á deildinni hvött til sjálfshjálpar í matartímum.

Þetta skólaárið var tekin fyrir sjálfsefning barna. Liður í því var að innleiða í leikskólastarfið Marte meo aðferðina en hún felst meðal annars í því að gera samskipti fullorðinna og barna sýnilega og vekur starfsfólk til vitundar um eigin styrk og um styrkleika barnanna. Hrönn Pálmadóttir dósent við Háskóla Íslands var okkur innan handar þegar kom að fræðslu og greiningu á myndbandsupptökum á samskiptum barna og kennara í leikskólastarfinu. Það var áskorun fyrir starfsfólk að láta gera myndbandsupptöku af sér og börnunum í leik og starfi. Eftir að Hrönn greindi myndböndin með starfsfólki deildarinnar á mjög uppbyggilegan hátt þá mynduðust miklar og góðar umræður um efni myndbandanna og starfsfólkið fékk aukið



sjálfstraust í tengslum við samskipti við börnin og varð meðvitaðra um mikilvægi þess að vera til staðar í leik barnanna. Til að börnin fái notið sín sem einstaklingar í leikskólanum og til að efla sjálfsmynd þeirra var farið af stað með verkefnið „barn vikunnar“ Öll börnin á deildinni fóru með Bangsa (Blíð) og samskiptabók heim í helgarheimsókn. Foreldrar gerðu með börnum sínum myndræna skráningu og skráðu upplýsingar frá heimsókninni. Þetta verkefni var einnig liður í því að efla tengingu milli heimilis og skóla, og voru börn og foreldrar mjög áhugasöm í verkefninu.

Þemað skólaárið 2021-2022 í tengslum við Grænfánann var lífbreytileiki. Þemað fléttaðist ágætlega inn í útinámið okkar þar sem við skoðum mikið nærumhverfið okkar og það sem er að gerast í náttúrunni. Út frá þessu þema smíðuðu og máluðu börnin á deildinni fuglahús með aðstoð kennara. Opið hús sem var í maí tengdist þessu þema og var foreldrum boðið að koma og eiga góða samverustund með börnunum sínum og fönndra með verðlaust efni.

Haldið var áfram með heimahaga þar sem elstu börnin fengu fleiri tækifæri en undanfarin tvö ár til að hitta 1. bekk Selásskóla og elstu börn frá Heiðarborg og Rauðuborg. Elstu börnin tóku einnig þátt í samstarfsverkefninu með Tónskóla Sigursveins og stigu á svið í Hörpu og sungu Ladda lög ásamt stórum hópi leikskólabarna í borginni. Haldið var áfram með Lubbavísurnar sem matarvísur á haustönn en á vorönn var eins og krafturinn í þeirri vinnu fjaraði út. Það var boðið upp á foreldraviðtöl í október og mars í þeim viðtölum kom fram að foreldrar eru ánægðir með sway vikupóstana sem innihalda myndræna skráningu úr leikskólastarfinu og upplýsingagjöf til foreldra.

Umbætur skólaárið 2021-2022

Læsi: Sýnileiki ritaðs máls á deild

Kappkostað var að hafa sýnilega bókstafi á deildinni og í samverustund var mynd af hverju barni þar sem nafnið þeirra var prentað undir myndina. Einnig voru einkaskúffur barnanna merktar með prentuðum nöfnum þeirra. Myndrænt dagskipulag var mjög sýnilegt og í hæð barnanna.

Styrkleikar: Það kom vel út að hafa bókstafi á áberandi stað á deildinni þar sem borð og stólar eru staðsett og þar eru alltaf aðgengilegir litir og pappír fyrir börnin. Börnin sýndu stöfunum áhuga og mörg þeirra voru áhugasöm að skrifa bókstafi og orð.

Tækifæri til umbóta:

Halda áfram að merkja með ritmáli á sem flestum stöðum á deildinni. Við teljum að þessi þáttur sé orðin fastur í sessi á deildinni.

Málörvun fyrir fjöltyngd börn og börn með seinkaðan málþroska:

Styrkleikar:

Náðum ekki að festa aðferðina „gefðu 10“ í sessi á deildinni. Hins vegar kom sérkennslustjórinn markvisst og reglulega inn á deildina til að styðja við tvítyngdu börnin bæði í samskiptum í frjálsa leiknum og að lesa og skoða bækur með þeim. Í samverustundum var lögð mikil áhersla á að lesa fyrir börnin á hverjum degi.

Tækifæri til umbóta:

Kynna aðferðina „gefðu 10“ betur fyrir starfsfólki deildarinnar. Ætla sér ekki of mikið í einu. Einbeita sér að einu til tveimur börnum yfir ákveðið tímabil t.d. tvær til þrjár vikur. Einn starfsmaður á deildinni taka að sér ábyrgð á að skipuleggja og leiða verkefnið áfram yfir skólaárið.

Hlutverk kennarans í leikumhverfi barnanna:

Styrkleikar:

Börnunum skipt upp í litla hóp á frjálsa leiknum og rými leikskólans nýtt sem allra best. Umræða á deildarfundum um mikilvægi þess að vera til staðar í leik barna til að aðstoða þau í samskiptum og hvetja þau áfram í leiknum. Marte meo aðferðin var vel kynnt, myndbandsupptökur af samskiptum barna og kennara og uppbyggjandi umræða um þær hjálpuðu starfsfólki að vera meðvitaðra um mikilvæti þess að vera styðjandi í samskiptum og leik barnanna.

Tækifæri til umbóta:

Halda áfram með myndbandsupptökur af samskiptum starfsfólks og barna í frjálsum leik
Stefna að einni upptöku frá hverjum starfsmanni á haustönn og eins á vorönn, skoða saman
og greina á deildarfundum.

Sjálfshjálp barna í matartímum:**Styrkleikar:**

Hlaðborð í sal fyrir ellefu elstu börnin á deildinni, börnin æfa sig að fara í röð og skammta sér
sjálf á diskana sína. Börnin fengu síðan val um tvö borð þar sem þau gátu setið og borðað.
Börnin voru áhugasöm um að æfa sig að hella úr könnu vatni í glösin sín.

Tækifæri til umbóta:

Festa það meira í sessi að yngri börnin á deildinni skammti sér sjálf á diskana sína,
Vatnskönnurnar of stórar til að yngri börnin geti æft sig að hella úr þeim. Mikilvægt að fá
minni könnur til að börnin eigi auðveldara með að hella sjálf í glösin sín.



Umbótaáætlun 2022-2023

Umbóta- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið /aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Halda áfram með Lubba- vísurnar. Hver vísa er tvær vikur í senn	Í morgun samveru	Deildar- stjóri. Allir deilda- starfsmenn virkir í verkefninu	Sept 22	Mai 23	Nota Lubba- bókina lesa söguna fyrir hvern staf og skapa umræður um orðin sem koma fyrir í sögunni	Börnin fá tækifæri til að þekkja íslensku málhljóðin
Mál- örvun fyrir fjölgtygd börn og börn með seinkað- an mál- þroska	Að gefa tvítyngd- um börnum og börnum með seinkaða n málþroska a aukin tíma	Nota aðferðina „gefðu 10“	Allir kennarar á deildinni. Einn valinn til að leiða verkefnið yfir tímabilið. Allir kennarar skrá niður.	Okt 22	Mai 23	Kynna aðferðina vel fyrir starfsfólki. Skráningarblöð. Einbeita sér að einu til tveimur börnum yfir ákveðið tímabil.	Fara yfir skráningar -blöðin tvisvar í mánuði á deilda- fundum og ræða hvernig gengur.



Hlutverk kennara í leik-umhverfi barna	Að kennarar líti á frjálsa leikin sem námsleið og mikilvægi þess að vera styðjandi í samskiptum í leik barna	Vera með myndbands-upptökur af samskiptum starfsfólks og barna í frjálsum leik	Deildarstjóri og kennarar á deild.	Nóv. 22	Mar 23	Deildarfundir notaðir til þess að skoða myndböndin, greina þau og skapa umræður um það sem er að gerast í myndскеiðunum.	Allir kennarar á deildinni séu meðvitaðir um að hver stund er námstækifæri fyrir barnið
Sjálfs-hjálp barna í matar-tímum	Kennarar geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfs-eflingu barna í matar-tímum	Halda áfram með hlaðborð í hádegi fyrir eldri börnin og festa í sessi að yngri börnin skammti sér sjálf á diskana og noti litlar könnur til að æfa sig að hella sjálf í glösin sín.	Allir kennarar á deildinni	Sept 22	Júlí 23	Endurmetið á deildarfundum/Starfsdögum. Þá fái kennarar tækifæri til að koma með dæmi um hvernig gengur.	Allir kennarar horfi á matmáls-tíma sem lið í að efla sjálhjálp barnanna
Barn vikunnar	Að börnin fái notið sín sem	Blíð og samskiptabókin. Bók að heiman einn dag í vikunni	Deildarstjóri velur einn kennara til að halda	Okt 22	Mai 23	Rætt á deildarfundum hvernig gengur.	Börnin fá tækifæri til að vera í brenni-depli og



	einstak- lingar og að efla sjálfs- mynd þeirra.	ef það gleymist þá velur barnið bók á bókasafni skólans. Gera eina skráningu með hverju barni vikunnar fyrir ferilmöppu	utan um verkefnið				kynna sín áhugamál og heima- menningu.
--	---	---	----------------------	--	--	--	---



Innra mat Grænadeild

Aðlögun stóð yfir frá 16. ágúst og út þá viku eða til 20. ágúst. Fimm börn komu af gulu- og bláu deild og gekk aðlögun vel. Börnin voru þá 14, jafnmargar stelpur og strákar. Haustið einkenndist af aðlögun barnanna en starfsmannhópurinn hélst nokkuð óbreyttur. Einn starfsmaður fór á guludeild og starfsmaður þaðan kom á grænudeild. Þrjú ný börn komu á deildina í nóvember, þrjú rétt eftir áramótin og eitt barn kom af Bláu deild í byrjun maí og þá voru börnin orðin 18 talsins.

Deildarstarfið á skólaárinu

Haldið var áfram með tvískipta samverustund bæði á morgnana og í hádeginu auk þess að skipta börnunum í litla hópa í frjálsum leik. Haldið var áfram með vikulegar stafavísur úr „Lubbi finnur málbein – íslensku málhljóðin sýnd og sungin“ fyrir matmálstíma en það skipulag er ekki að henta deildinni og betra að vinna með Lubbavísur í tvískiptri samverustund. Áfram var haldið með útinámshópana sem fóru í vettvangsferðir á mán-, þri- og miðvikudögum. Útinámið var öflugt með vorinu og unnið var með Orma-þema. Börnin voru mjög áhugasöm og myndaskráning í Sway vakti áhuga foreldra sem mættu vel á opið hús í byrjun apríl og tóku þátt í föndra með skordýr með börnunum. Viðburðurinn var þáttur í Grænfánaverkefni okkar þar sem þemað í ár var *fjölbreytileiki lífríkisins*. Verkefnið *barn vikunnar* gekk mjög vel og náðu öll börnin að fara heim með bangsann Bussa og dagbókina fyrir lok maí. Foreldrar tóku vel í verkefnið og gerðu skemmtilegar skráningar með barni og Bussa í helgarfríi. Nýr starfsmaður kom á deildina um áramót og einnig komu 3 ný börn komu á deildina eftir áramót og aðlögun allra gekk mjög vel. Aldursbilið á deildinni var orðið mjög breitt eftir áramótin og vinnan með börnunum því talsverð áskorun þar sem yngsta barnið er fætt í mars 2020 en það elsta í ágúst 2018. Deildarstarfið gekk heilt yfir vel þar sem áhersla var lögð á að vinna með litla hópa. Foreldraviðtöl fóru fram í mars og foreldrar gátu komið grímulausir í leikskólann. Allir foreldrar kusu að koma í viðtal en einnig var boðið upp á símaviðtal. Börnin á Grænudeild voru 18 í lok skólaársins.

Umbótaþættir skólaárið 2021-2022

Læsi – sýnileiki ritaðs máls á deild

Ákveðið var að auka sýnileika ritaðs máls á deildinni. Þegar verkefni tengt lífbreytileika var sett myndrænt upp á vegg var ritað mál notað með myndunum til dæmis orðið *ormur* sem var á stóru lettri við teikningu og myndir af ormi. Eins voru sett orð yfir árstíðir á vegg með árstíðartengdum verkefnum.

Styrkleikar:

Með því að setja ritað mál við myndir sem auðveldar bæði starfsmönnum og börnum að tengja orðin við myndir og stuðla þannig að málörvun.

Málörvun – myndrænt skipulag

Dagskipulagið var sett myndrænt upp á vegg og haft í hæð barnanna. Þetta auðveldar börnunum að fylgjast með næstu verkefnum og að sjá hvað er fram undan í starfinu.

Styrkleikar:

Gott skipulag sem auðveldar samskipti barna og starfsfólks. Gekk vel og verður áfram sem umbótaþáttur ásamt því að halda áfram að „gefa 10“ þar sem haldið verður vel utan um skráningar þannig að öll börn fái „10“ og allir starfsmenn taki þátt.

Skráningar – auka foreldrasamstarf

Vikuleg fréttabréf þar sem farið er yfir starfið í máli og myndum er sent til foreldra á föstudögum. Fréttabréfin eru unnin í SWAY þar sem auðvelt er að setja inn myndir, texta og upplýsingar til foreldra. Ferilmöppur eru til sýnis á „opnu húsi“ og haldið verður áfram með þetta skipulag þar sem foreldrar eru flestir mjög ánægðir með þetta skipulag.

Styrkleikar:

Með vikulegu fréttabréfi fá foreldrar tækifæri til að nýta sér myndir úr starfinu til málörvunar heima og læra nöfn á samnemendum barna sinna. Foreldrar fylgjast betur með starfinu og verða virkari í samskiptum.

Umbótaáætlun 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði



							sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi:							
Auka samskipti við börnin	Starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að eiga samtal og samskipti við hvert barn á hverjum degi.	Halda áfram með „Gefðu 10“ á deildinni. Starfsfólk kynni sér leiðbeininga bækling og tileinki sér aðferðina.	Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt.	1 okt	1 jun	Endurmetið á deildarfundum. Sérstakt skráningarblað til að halda utan um það hverjir gefa og hverjir fá „10“	Tækifæri til að kynnst börnunum, færni þeirra og áhugamálu m. Auka virkni barna
Málörvun:							
Auka lestur og samræður við börnin	Lesi markvisst og reglulega	Börnin skiptast á að velja bækur	Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt.	1. sept.	1 jun.	Hafa bókaorm sýnilegan á deild þar sem skráðar eru lesnar bækur. Börnin taka þátt í að setja spjaldið fyrir aftan hausinn á orminum og sjá hann lengjast.	Efla málþroska og orðaforða. Sjálfsefning.
Myndrænt skipulag	Hafa dagskipulag á myndrænu formi til að auðvelda tvítyngdum börnum að skilja skipulagið	Hafa dagskipulag myndrænt	Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt.	sept	júlí	Framfarir og upplýsingar um máltöku skráðar í samskiptabækur	Auðveldar samskipti starfsfólks og barna



	og læra ný orð.						
Lubbi	Halda áfram með vikulegar stafavísur	Í samveru- stund á morgnana	Allir deildar- starfsmenn			Höfum gögn sýnileg inni á deild	Að börnin ná í að þekkja íslensku málhjóðin
Sjálfsefling:							
Samstarf heimilis og skóla	Fá fleiri skráningar að heiman fyrir kennara að vinna með í málörvun og sjálfseflingu barnanna	Fá myndir að heiman og upplýsingar um fjölskyldur og áhugamál barnanna	Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt.	sept.	júlí	Deildarstjór. ber ábyrgð. Allir starfsmenn sjá um að skráningar fari í ferilmöppur	Sjálfsefling barna. Bæta foreldrasam starf



Innra mat Bláadeild

Veturinn á Bláudeild hefur gengið ágætlega þrátt fyrir nánast allt starfsfólk í Blásölum hafi fengið Covid á svipuðum tíma eftir áramót. Á þeim tíma voru mörg börn send heim vegna manneklu en foreldrar voru mjög skilningsríkir.

Í haust voru tveir þrír starfsmenn og tólf börn en í mars bættist við einn starfsmaður og fjölgaði börnunum í 14. Aðlögun gekk mjög vel en við tókum fljótt eftir að í barnahópnum voru margir leiðtogar sem tóku pláss. Það var mikill grátur, margir árekstrar og starfsfólk átti erfitt með að koma jafnvægi og ró á deildina. Á deildarfundum ræddi starfsfólk saman um leiðir að betra starfi sem hentaði hópnum. Við vildum fyrst og fremst skipta börnunum upp í smærri hópa og nýta allt pláss sem við höfðum. Við fundum hvar áhugasvið barnanna lá og buðum upp á leikfni sem þau höfðu ánægju af. Þeim fannst m.a. æðislega gaman í tónlistarstund, listsköpun, könnunarleik, dúkkuleikjum og var það því oft í boði. Við reyndum einnig að finna út hvaða börn passa saman.

Umbótaáætlun síðasta skólaárs:

1. Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna með auknum bókalestri.

Markmið okkar var að starfsfólk myndi lesa eina bók fyrir hvert barn á deildinni á hverjum degi. Hafa lista með nöfnum barnanna sýnilegan upp á vegg og starfsfólk skrái lestur.

Styrkleikar: Starfsfólk var mjög meðvitað um mikilvægi lesturs með börnum. Allt starfsfólk deildarinnar var duglegt að setjast niður með börnum og lesa fyrir þau og áhuginn leyndi sér ekki hjá börnunum.

Tækifæri til umbóta: Við náðum ekki að lesa fyrir öll börnin á hverjum degi og við starfsfólkið vorum ekki nógu duglegar að skrá niður hvaða börn voru að hlusta á sögur hverju sinni. Næsta vetur verðum við með lista með nöfnum barnanna sýnilegri á deildinni svo það verði auðveldra fyrir okkur að skrá niður lesturinn.



2. Að hvetja foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu.

Markmið okkar var að bjóða foreldrum að borða morgunmat með börnunum sínum tvisvar sinnum yfir árið.

Styrkleikar: Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi foreldrasamstarfs. Við leggjum mikinn metnað að eiga dagleg samskipti við foreldra og upplýsa þá um ýmislegt sem við kemur barninu þeirra.

Tækifæri til umbóta: Við buðum foreldrum ekki upp á að koma í morgunmat vegna þess að við sáum að það myndi ekki henta aldri barnanna á deildinni. Það væri betra að fá foreldra í heimsókn til okkar seinnipartinn.

Umbótaáætlun 2022-2023

Umbóta- þáttur Mats- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfsfelling	Að starfsfólk vinni markvisst að sjálfsfellingu barnanna.	Að vera meðvituð um hlutverk barns vikunnar.	Einn starfsmaður deildarinnar ber ábyrgð á að fylgja þessu eftir.	Sept 22	Maí 23	Deildarfundir notaðir í umræður og mat.	Að efla sjálfsmynd barnsins og barnið fái notið sín sem einstaklingur í leik- skólanum. Eflir samstarf heimilis og leikskóla.

Málörvun	Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna með auknum bókalestri.	Að börn komi með bók að heiman og það verði gerður bókarormur á deildinni.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Sept 22	Maí 23	Rætt á deildarfundi í lok vorannar.	Að finna fjölbreyttar leiðir til auka lestur barna og hvetja foreldra til að hafa skemmtilegar bækur heima.
----------	---	--	--	---------	--------	-------------------------------------	---



Innra mat Guladeild

Veturinn gekk einstaklega vel þar sem barnahópurinn var mjög samrýmdur. Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel og kom mjög fljótt ró á deildina. Þar sem barnahópurinn er samrýmdur og mikið jafnvægi hjá börnunum var fljótlega hægt að koma skipulögðu starfi af stað innan deildarinnar sem var mjög skemmtilegt. En með nýjum börnum komu nýir starfsmenn á deildina, þrír starfsmenn (tveir vanir í húsi og einn sem ekki hafði unnið á leikskóla áður). Um miðjan vetur fóru tveir starfsmenn í langtíma veikindaleyfi og tveir nýir starfsmenn komu í staðinn, annar vanur í húsi, hinn ekki með reynslu. Börnin á deildinni virtust ekki finna mikið fyrir þessum manna breytingum. Það tók smá tíma að koma nýju starfsfólki inn í starfið með þeim afleiðingum að álagið varð meira á þeim sem fyrir voru. Auk mikilla veikinda starfsmanna skall covid -19 á í húsinu þar sem bæði börn og starfsmenn lögðust í veikindi. Styttning vinnu vikunnar var látin halda út veturinn þrátt fyrir mikið álag á köflum.

Sjálfsfelling var þema menntastefnu þetta skólaárið og Hrönn Pálmadóttir var fengin til aðstoðar til að innleiða Marte meo aðferðina sem felst í að efla góð samskipti og sjá styrkleika barnsins. Á deildinni var einnig lögð áhersla á sjálfsfellingu með því að börnin höfðu gott aðgengi að leikfni og einnig höfðu börnin aðgang að fatnaði til þess að æfa sig að klæða í og úr.

Lífbreytileikinn var þemað Grænfánans þetta skólaárið sem passaði vel með útinámi Guludeildar. Öll börn á deildinni fóru reglulega í ferðir út fyrir garðinn þar sem við lærðum á nærumhverfið. Inn í þetta fléttuðum við sjálfsfellingu barnanna og málörvun og nýtum hvert tækifæri sem við gátum til að leggja inn nýja hluti.

Umbætur síðasta skólaárs

Heimamennning

Styrkleikar: Mói fór heim með öllum börnum á deildinni eftir áramót og var þessu verkefni vel tekið meðal foreldra. Almenn ánægja var um verkefnið.

Tækifæri til umbóta: Þörf er á að kynna þetta verkefni betur fyrir nýju starfsfólki þegar manna breytingar verða svo að allir átti sig á mikilvægi verkefnisins.



Læsi

Styrkleikar: Bækur eru lesnar í samveru með börnunum og svo sungin hreyfilög þegar líður á samveruna. Starfsmenn eru meðvitaðir um tungumálið og leggja orð á flestar athafnir daglegs starfs á deildinni. Dagsskipulagið er sýnilegast í myndmáli í hæð barnanna inni á deild sem nýtist mjög vel í aðlögun allra barna á deildinni þó sérstaklega þeirra sem ekki hafa Íslensku sem móðurmál. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin í þeirra hæð. Á næstu önn verða eldri börn á deildinni en hafa verið undanfarin tvö ár.

Tækifæri til umbóta: Auka myndmál til að mæta þörfum eldri barna á komandi önn. T.d. merkja salerni, leikfangakassa og hvíldarherbergi.

Ferilmappa

Styrkleikar: Mappan heldur vel utan um nám og þroska barnanna. Mappan er alltaf sýnileg börnunum og hafa börnin alltaf tækifæri á að biðja um möppuna og skoða. Mappan er orðin daglegur þáttur í starfi deildarinnar og kemur til með að vera það áfram.

Tækifæri til umbóta: Vera duglegri að grípa tækifærið á skemmtilegum augnablikum og setja í möppuna strax.

Sjálfsfelling

Styrkleikar: Allir Starfsmenn tóku þátt og voru meðvitaðir um starfið. Myndböndin voru nýtt í það að efla starfið. Það var þó nokkuð af myndefni sem var tekið upp svo að það var úr ýmsu að taka.

Tækifæri til umbóta: Byrja fyrr að taka upp myndefni. Taka myndefnið í upphafi leiks en ekki þegar allir eru komnir á fullt í leikinn eins með í lokin til þó sjá upphaf og endi. Rýna til gagns á deildarfundum oftar. Kynna nýtt starfsfólk strax fyrir Marte meo verkefninu.



Umbótaáætlun 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfs hjálp	Efla sjálfs- öryggi barna á eigin getu hvað varðar alla sjálfs- hjálp	Hafa allan almennan fatnað í boði fyrir börnin á deildinni til að æfa sig með. Ásamt því að gefa börnunum rúman tíma til að reyna sjálf við allar athafnir dagsins.	Allir starfsmen n á deildinni eru þátt- takendur Deildastj. ber þó ábyrgð á verkefninu	Sept. 22	maí 23	Metið að reglulega á deildarfundum. Þar verur farið yfir hvor þörf er á að breyta um efnivið og efla það sem fyrir er.	Að öll börn finni til sín og hafi trú á eigin getu og klætt sig í einfalda n fatnað svo sem skó, húfu vettlinga og jafnvel fleira.



	Bjóða upp á liti og málningu í meira mæli.	Í frjálsa leiknum verður boðið upp á liti á morgnana inni á deild.	Allt starfs- fólk er þáttakandi en deildarstjóri ber ábyrgina	Sept 22	maí 23	Metið á deildarfundum hvernig gengur.	Að börnin að fái að prófa mismunandi leiðir og kynnast mismunandi efnivið.
--	---	---	---	------------	-----------	---	---



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var fléttuð inn í almennt starf á deildum. Stuðningsfulltrúar skipulögðu verkefni eftir einstaklingsnámskrá og notuðust við náttúrulega kennslu með barninu inn á deild. Einnig var unnið eftir atferlismótun og skipulagða kennslu í vinnustundum. Í einstaklingskennslu var skráningarblað þar sem framfarir voru skráðar eftir hvert verkefni
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS var notað bæði til að meta þroska og til endurmats. Elsti árgangur fór í HLJÓM-2 að hausti og vori. Öll börn á 4 ári tóku EFI-2. Tekinn voru málþroskapróf af talmeinafræðingi þjónustumiðstöðvar
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ekkert námsefni var keypt þennan vetur til sérstaklega til sérkennslu þar sem mikið af efni er til í skólanum. Félagshæfnisögur, Tölum saman, Legðu við hlustir, Örsögur, TMT, Leikum og lærum með hljóðin, Lubbi finnur málhljóðið, Margvísleg spil og bækur. Námsefni búið til af stuðningsfulltrúum s.s. til að æfa fínhyfingur og málþroska.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Umbóta- þáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
1 Auka þekkingu innan leikskólans á sérkennslu- aðferðum og kennslu- leiðum.	1 Að efla þekkingu stuðnings- fulltrúa og starfsfólks leikskólans á sérkennslu meðal annars með því að fara á námskeið hjá Ráðgjafa og greiningar- stöðinni.		Sérkennsl ustjóri	Sep 22	Vor 23	Útbúna- r spurningar fyrir starfsmenn sem farið verður yfir á deildarfundum/st arfsmannaviðtölu m	Funda- gerðir
2 Gera sjónrænt dagskipu- lag virkt. Bæði fyrir einstaka börn og hópa.	2. Fara yfir skipulag og framkvæmd á sjónrænu dagskipulagi með starfsfólki á deildarfundu m.						



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt í aukin mannafla til að sinna þessu verkefni. Farið var regluleg í málörvun með litlum hópum með 3-6 ára börnum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Samskiptabækur eru notaðar til að efla grunnorðaforða bæði á íslensku og móðurmáli barnsins. Unnið er með Gefðu 10 með öllum fjöltyngdum börnum í leikskólanum
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Starfsmenn eru meðvitaðir um að setja orð og hluti og athafnir og endurtaka í sífellu. Mikið er spilað og lesið með börnunum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla voru notaðir meta stöðu fjöltyngdra barna og einstaklingsáætlanir gerðar út frá því. Einstaklingsáætlanir eru síðan endurmetnar og ný markmið sett.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Mest er hugað að orðaforða, skilningi og tjáningu. En einnig er myndmál notað til að styrkja tjáningu tilfinninga og stuðningur er veittur í frjálsa leiknum hvað varðar félagsleg samskipti. Farið er í rímleiki, klappað í atkvæði, farið með þulur og sungið.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

Umbóta- þáttur / Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samhæfa vinnu á deild við markvissa málörvun fjöltyngra barna í hópavinnu	Notast við náttúrulegar kennsluaðferðir aok skipulagða stunda. Upplýsa alla starfsmenn á deildafundum um hvað er verið að vinna með og flétta því inn í starfið á deildinni.	Tengiliður fjölmennningar	Sept. 22	Vor 23	Skráningar á hversu oft er farið í Gefðu 10 og markvisst unnið í náttúrlegri kennslu og málörvun með fjöltyngrum börnum	Farið yfir á deildarfundum hvernig gengur með hliðsjón af skráningum um hversu oft er farið í Gefðu 10 og náttúrulega kennslu og málörvun með fjöltyngrum börnum. Einnig verður metin árangur hjá börnunum sjálfum með Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngr börn í leikskóla

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tekur allt starfsfólk í örsamtöl 2-3 sinnum yfir veturinn. Þá er til umræðu, líðan starfsmanns og óskir.

Í vetur eins og síðasta ár verður lögð áhersla á fræðslu fyrir allt starfsfólk um samskipti sem efla jákvæða sjálfsmýnd barnsins og mun Hrönn Pálmadóttir dósent við HÍ halda áfram og koma til okkar tvisvar yfir skólaárið á starfsdögum þar mun hún fara yfir kenningar Marte Meo um sjálfsefningu,

sjálfshjálpi og samskipti. Einnig mun Hrönn vinna með hverri deild við að skoða myndbönd sem sýna samskipti barna og kennara, við munum skoða samskiptin vel, auk þess sem hún mun miðla af þekkingu sinni.

Nokkrir starfsmenn fara í námskeið í menntafléttu sem bíður upp á fjölbreytt námskeið á netinu. *Vísindasmiðjur fyrir yngstu börnin í leikskólanum* – á námskeiðið fara 2 starfsmenn af yngri deildum *Móðurmál, íslenska sem annað mál og virkt fjöltyngi í leikskóla*- á námskeiðið fer tengiliður fjölmenningar/sérkennslustjóri

Starfsfólk leikskólans stefin á að fara í námsferð vorið 2023. Stefnt er að ferð sem byggir upp liðsandann og nærir sál og líkama.

Auk þess munum við grípa tækifærin og skrá starfsfólk á námskeið ef þau passa okkur og því starfsfólki sem við höfum í húsi. Einnig eru Efling og Mímir með námskeið fyrir erlent starfsfólk og leiðbeinendur leikskóla sem við munum bjóða upp á fyrir okkar starfsmenn. Nýliðanámskeið, skyndihjálparnámskeið og önnur fjar- eða netnámskeið sem okkur bjóðast á vegum Reykjavíkurborgar munum við nýta okkur.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fulltrúar leikskólana og grunnskólans hittast og setja niður dagskrá fyrir samstarf vetrarins. Þessi undirbúningur fer fram á haustin

Undirbúningsfundur í Selásskóla

1. Nemendur heimsækja gamla leikskólann sinn
2. 16. nóv. Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörnin
3. Elstu nemendur heimsækja skólabókasafnið
4. Elstu nemendur heimsækja 1.bekk 15. maí. Skilafundur •

Heimahagar sem er samstarfsverkefni, Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala þá hittast elstu börn leikskólans og yngstu börnin í Selásskóla reglulega yfir veturinn á svæði nærri Selásskóla og hesthúsunum sem hafa fengið nafnið Heimahagar. Þar leika þau, gera útiverkefni og fara í skipulagða leiki og umfram allt eignast góðar minningar sama. Í vetur voru þessir skólar í þróunarverkefni um samstarf við Fák sem heitir Heimahagar og íslenski hesturinn og þá fengu þau fræðslu um íslenska hestinn fóru á sýningu og fengu að fara á hestbak.



8 Foreldrasamvinna

Foreldra viðburðir verða vonandi fleiri á komandi skólaári en því síðasta en skólanum var lokað fyrir foreldrum megnið af skólaárinu. Það var ekki fyrr en á vormánuðum að húsið var opnað fyrir foreldra í foreldrakaffi og síðan opið hús. Vel mætt var á báða þessa viðburði.

Kynningafundur nýrra foreldra verður í ágúst.

Uppskeruhátíð verður í september: (elstu börnin búa til súpu úr uppskeru leikskólans)

Foreldrafundur verður í október

Foreldraviðtöl verða í október.

Ömmu og afakaffi á degi íslenskrar tungu

Foreldrakaffi 1. desember, foreldrar og börn skreyta krukkur fyrir sólstöðuljós.

Snillingajól foreldrar elstu barna boðið í jólastund með börnum sínum og kennarar.

Foreldrar og börn kveikja á kerti 21. des. á sólstöðu

Foreldrakaffi á bolludegi

Opið hús í maí foreldrum og fjölskyldu boðið á verkstæði með endurvinnanlegan efnivið.

Útskrift elstu barna foreldrum boðið í útskrift og pálínuboð.

Sólstöðuhlaup -foreldrar, börn og starfsfólk, hlaupa hringinn í kringum leikskólann, allir mega mæta í furðufötum.

Sway fréttbréf með vikulegum fréttum og myndum af starfinu

Foreldraráð er við skólann og skipar þrjá fulltrúa og hefur það hlutverk með höndum að gefa skriflegar umsagnir um starfsáætlun, skólanámsskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð fylgist með framkvæmd skólanámskrár og er boðað á fund í leikskólann í kringum áramót þar sem leikskólastjóri fer yfir gang mála varðandi framgang ýmissa verkefna sem skólinn vinnur að.

Foreldrafélag er ekki virkt í leikskólanum, foreldrar hafa ekki boðið sig fram þó ítrekað hafi verið óskað eftir fulltrúum í foreldrafélag. Eitt foreldri bauð sig fram sem gjaldkera og því er starfið sem verið hefur undanfarin ár í nafni foreldrafélagsins haldið áfram. Foreldrar greiða ákveðin gjöld í foreldrafélag og er það valfrjáls greiðsla og skólinn kaupir inn leikrit, fær jólasvein á jólaskemmtanir og listafólk á sumarhátíð. Áfram verður óskað eftir foreldrum í foreldrafélag.

Móttaka og samskipti við erlenda foreldra er með aðstoð túlks og undirbúningsfundir og upplýsingafundir eru túlkaðir. Misjafnt er hvort túlkur þarf að vera með í aðlögun en það fer eftir skilningi á íslensku og ensku og er metið hverju sinni. Foreldrar allra barna fá upplýsingapakka frá



leikskólanum og er hann einnig til á pólsku hjá okkur. Einnig fá foreldrar upplýsingar á sínu tungumáli frá Reykjavíkurborg sem heitir „Velkomin til samstarfs um leikskólabarnið“. Öll tvítyngd börn fá samskiptabók þar sem lögð er áhersla á að auka málskilning barnsins og auka skilning á starfi leikskólans. Barnið fær sérstaka málörvun þar sem áhersla á íslensku er í fyrirrúmi

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu eru 6 og eru 3 af þeim sameiginlegir starfsdagar grunn- og leikskólanna í hverfinu. Sameiginlegar daga skólaárið 2022-2023 eru 30.september, 22.nóvember og 10.maí.

Starfsdagar leikskólans verða 29.september og 17. og 19.maí

Eftir áramótin stefnum við á að fara í námsferð til Tenerife 17. 19.og 22. maí. Sameiginlegur starfsdagur leik og grunnskólans 10.maí mun þá falla út og höfum við fengið samþykki foreldraráðs fyrir því. Beðið er eftir samþykki SFS varðandi þessa breytingu.

Leikskóladagatalið er svipað því sem verið hefur undanfarin ár starfsdagar eru gulmerktir og viðburðir sem við bjóðum foreldrum að taka þátt í eru grænmerktir.

Starfsdagar 2022 – 2023 verða

- 29. og 30. september 2022
- 22. nóvember 2022
- 17., 19., 22. maí 2023

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



10 Fylgigögn

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bjarki Tómasson

Eva Alfreðsdóttir

Þórunn Oddný Steinsdóttir

Foreldraráð hefur engar efnislegar athugasemdir við starfsáætlun og þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér. Tillögur þeirra að úrbótum eru verðug, leiðarljós leikskólans er flott og greinagerðir og markmið deilda og sérkennslu eru skýr og foreldraráð lýsir yfir ánægju með heiðarleika á innra mati deilda um það sem hefði betur mátt fara í starfinu og hvernig tækifæri til umbóta megi vera.

Leikskólanum hefur tekist vel að skipuleggja starfið þrátt fyrir óviðráðanlegar aðstæður eins og covid og hreyfingu á starfsfólki.

En ánægjulegt er að sjá hversu rík áhersla er lögð í að virkja sjálfstæði og trú barnanna á eigin getu.

Áfram hefur leikskólanum tekist vel að vinna með tillögur sem foreldraráð fyrri ára hafa komið með líkt og að tryggja að upplýsingar í starfinu séu á fleiri tungumálum og vel hefur tekist að efla samskipti og miðlað upplýsingum og myndum um starfið til foreldra rafrænt.

Heilt yfir er foreldraráð mjög ánægt með starf leikskólans.



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



